

veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 4. gr. reglugerðar nr. 423 29. nóvember 1977, um veiðar í þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 81.

31. janúar 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1978:

Loðnumjöl, \$ 7.10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 405.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verði ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ = 212.80.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af mismuni söluverðs og viðmiðunarverðs í Bandaríkjadollurum, hvort tveggja reiknað á genginu \$ 1 = 212.80, en aftur á móti 75% af mismuni þess viðskiptagengis, sem framleiðslan selst á, og genginu \$ 1 = 212.80.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. janúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.

Nr. 82.

2. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um löndun á loðnu til bræðslu, frystingar og hrognatöku.

1. gr.

Loðnuverksmiðjur skulu tilkynna loðnunefnd daglega eða svo oft sem nefndin ákveður, um móttökurými á hverjum þeim tíma, sem nefndin óskar. Nefndin ákveður síðan og tilkynnir veiðiskipum hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.